

Nr. 17-045 S 030 Þórunn Sveinsdóttir VE 401**Skipverji slasast við fall**

Skipaskr.nr. 2401 IMO nr. 9463360
Útgerð: Ós ehf.
Smíðaður: Danmörku 2010, stál
Stærð: brl. 778,9 bt.
Mesta lengd: 40,06 m Skráð lengd: 35,77 m
Breidd: 11,2 m Dýpt: 7,09 m
Vél: M A K 540 kW 2009
Fjöldi skipverja: 15



Þórunn Sveinsdóttir ©Jón Páll Ásgeirsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. apríl 2017 var Þórunn Sveinsdóttir VE 401 á togveiðum í Skaftárdýpi. Veður: NV 10 m/s

Skipverji var á millipilfari að taka stórlúðu af móttökufæribandinu þegar lúðan féll af bandinu. Skipverjinn fylgdi með og lenti á brún færíbandsins. Við þetta brákuðust rifbein og skipverjinn varð óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að lúðan var u.þ.b. 150 kg en skipverjinn kvaðst hafa farið upp á færíbandið til að ná tókum á sporði hennar á móti öðrum sem tók um hausinn. Þegar þeir voru að koma lúðunni yfir kantinn á færíbandinu kom bakborðsvelta á skipið þannig að slasaði missti jafnvægið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.